

# Sveitarstjórn Skagabyggðar fundargerð 21.06.2020

## Fundur 5-2020

---

---

Fundur haldinn í sveitarstjórn Skagabyggðar sunnudaginn 21. júní 2020 kl. 21:00 á Zoom fjarfundarkerfinu.

Mætt voru: Dagný Rósa Úlfarsdóttir, Karen Helga R Steinsdóttir, Kristján Steinar Kristjánsson, Magnús Björnsson og Magnús Guðmannsson.  
Oddviti setti fund og stjórnaði honum.

Dagskrá:

- 1. Kjörskrá vegna forsetakosninga**
- 2. Umsókn um opnun námu í landi Hafna**
- 3. Önnur mál**

### ***Afgreiðsla:***

#### **1. Kjörskrá vegna forsetakosninga**

Fyrir fundinum lá kjörskrá vegna forsetakosninga þann 27. júní 2020. Engar breytingar né athugasemdir komu fram og er kjörskrá samþykkt. Oddvita og formanni kjörstjórnar falið að ganga frá auglýsingu um kjörfund í Skagabúð þann dag kl. 12:00-17:00.

#### **2. Umsókn um opnun námu í landi Hafna.**

Vignir Sveinsson sækir um leyfi til að opna stuðlabergsnámu í landi Hafna. Náman fengi heitið Selvíkurnáma með númerið ES28. Teikning sú sem liggur fyrir fundinum er unnin af Benedikti Björnssyni arkitekt í samráði við Vigni Sveinsson. Efnið á á nýta við nýbyggingar Alþingishúss og Landsbankans. Áætluð efnistaka er 50 tonn á ári, meðan á áðurnefndum framkvæmdum stendur. Sveitarstjórn telur þetta vera óverulega breytingu á aðalskipulagi og samþykkir opnun námunnar með þeim fyrirvara að skipulags- og byggingarnefnd samþykki opnun námunnar fyrir sitt leyti. Öll fyrirliðgjandi gögn eru hjá Skipulags- og byggingarfulltrúa á Blönduósi.

#### **3. Önnur mál**

Engin önnur mál

Fleira ekki tekið fyrir, fundargerð sýnd og verður send til fundarmanna og þeir senda ritara tölvupóst varðandi samþykki. Fundargerð verður undirrituð næst þegar sveitarstjórn kemur saman á hefðbundnum fundi.

Fundi slitið kl. 21:21.

---

Dagný Rósa Úlfarsdóttir

---

Magnús Björnsson

---

Karen Helga R Steinsdóttir

---

Magnús Guðmannsson

---

Kristján Steinar Kristjánsson